

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 164 13. apríl 1978, um ráðstöfun 15.05%
fjár gengismunarsjóðs 1978 (áætlaðar 350 millj. kr.),
til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði
sbr. b-lið 3. gr. laga nr. 2/1978.**

1. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný gr. sem verði 6. gr. svohljóðandi:

„Fé það, sem lánað er samkvæmt reglugerð þessari, skal jafnóðum og það innheimtist, ásamt öllum vöxtum, renna til þess lánaflokks Fiskveiðasjóðs Íslands, sem veitt eru lán úr til hagræðingar í fiskiðnaði samkvæmt reglugerð, um ráðstöfun á eftirstöðvum gengismunar samkvæmt lögum nr. 97/1972, nr. 106/1974 og nr. 27/1975, til stofnunar nýs lánaflokks við Fiskveiðasjóð Íslands til hagræðingar í fiskiðnaði, útgefinni 8. júní 1978.“

2. gr.

6. gr. reglugerðar nr. 164/1978 verði 7. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 2 9. febrúar 1978 til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efna- og gerlarannsóknir, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóðurmjöl:

Framleiðslusýnishorn (Vatn, fita, protein og salt) kr. 4 000

Einsákar efnagreiningar:

Vatn	kr.	750
Salt	—	900
Protein (Kjeldahl)	—	2 000
Fita	—	1 300
Aska	—	750
Ammoníak	—	750
Sandur	—	900
Kalcium	—	1 500
Fosfór	—	1 500
Meltanlegt protein	—	3 200

Lysine nýtanlegt	—	6 400
Natrium nitrit	—	1 800
Nitroso-dimethylamin	—	3 600
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	—	1 500
Sýrustig pH	—	750

Útflutningssýnishorn:

Fyrir mjölmagn að 100 tonnum kr. 5 400 (vottorð kr. 900).

Fyrir mjölmagn frá 100 að 500 t — 6 800 (vottorð kr. 900)

Fyrir mjölmagn frá 500 tonnum — 8 000 (vottorð kr. 900)

Fyrir útflutningssýni á síldarmjöli eða loðnumjöli bætast kr. 1 800 við vegna ákvörðunar á natrium nitrit.

Aminósýrur:

- a) Lysine, Histidine, Ammonia, Arginine, Aspartic, Acid, Threonine, Serine, Glutamic Acid, Proline, Glycine, Alanine, Valine, Isoleucine, Leucine, Tyrosine og Phenylalanine kr. 15 000
- b) Methionine og Cystine — 7 500
- Fullkomin aminósýrugreining — 22 500

Lýsi:

A-vítamín, bein mæling	—	1 300
A-vítamín, með Morton & Stubb leiðrétt	—	4 000
Óbundnar fitusýrur	—	750
Sýrutala	—	750
Joðtala	—	1 700
Sáputala	—	1 800
Ósápuhæft	—	3 400
Eðlisþyngd (Pyknometer)	—	1 100
Preoxíð gildi	—	1 500
Litur (Lovibond einingar)	—	750
Vatnsinnihald (með Toloul eimingu)	—	1 100
Vatn og óhreinindi (í skilvindu)	—	750
Ljósbrót (Refractive Index)	—	900
Natrium sápa	—	1 500
Fyrir útflutningssýni bætast kr. 900 við fyrir vottorð.		

Salt:

Klorid (titer)	—	1 100
Kalcium	—	1 500
Magnium	—	1 500
Sulfat	—	1 500
Óleysanlegt í vatni	—	1 500
Raki og bundið vatn	—	1 500
Járn	—	1 500
Kopar	—	1 500
Fullkomin efnagreining	—	9 300

Síld:**I. Undirbúningsvinna:**

- a) Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin, flökuð og hökkuð — 2 200
- b) Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð — 1 700

c) Síld vigtuð, flökuð og hökkuð	—	1 300
d) Síld lengdarmæld, vigtuð og hökkuð	—	750
Fyrir undirbúningsvinnu af 50 síldum eða færri greiðist	hálf	gjald.
II. Efnagreiningar:		
Fita	—	1 300
Salt	—	900
Vatn	—	750
Einstakar rannsóknir:		
Trimethylamin (T.M.A.)	—	1 900
Alginsýra	—	3 800
Kvikasilfursákvörðun í matvælum	—	2 200
Ákvörðun á málum með atom absorption	—	2 200
Fritt klór í vatni	—	600
Skynmat (organoleptic test)	—	1 500
Rotvarnarefni með gasgreiningu	—	5 000
Skordýraeitur með gasgreiningu	—	10 000
Thiamin (B ₁ vítamín)	—	5 000
Rifboflavin (B ₂ vítamín)	—	5 000
Niacin (B ₃ vítamín)	—	5 000
Drip (hörpudiskur, rækja o. s. frv.)	—	1 500
Smásjarrannsóknir:		
Einföld rannsókn, án litunar	—	600
Einföld rannsókn, með litun	—	900—1 800
Talning í smásjá	—	1 700
Gerlarannsóknir:		
Talning við ræktun, eins konar	kr.	1 100
Talning við ræktun tvenns konar	—	1 800
Talning við ræktun, þrenns konar	—	2 600
Kóligerlar, MPN, forpróf	—	1 500
Kóligerlar, MPN, staðfestingarpróf	—	1 200
Escherichia coli (indol +), MPN	—	1 200
Staphylococcus aureus, forpróf	—	1 500
Staphylococcus aureus, staðfestingarpróf	—	1 700
Sulfit afoxandi clostridia	—	2 000
Clostridium perfringens, staðfestingarpróf	—	1 800
Salmonella, forpróf	—	2 600
Salmonella, staðfestingarpróf	—	1 600
Roðagerlar	—	2 600
Undirbúningur sýna (mölun, hökkun o. fl.)	—	600
Mjólkurrannsóknir:		
Litprófun (reduktase)	kr.	600
Storchs-prófun	—	400
Fosfataseprófun I	—	600
Eðlisþyngd m/flotvog	—	400
Eðlisþyngd m/pyknometer	—	1 100
Feiti (Gerber) mjólk og rjómi	—	400
Feiti (Gerber) rjómaís	—	600
Sýrustig (titration)	—	700

Niðursuðuvörur:

Framleiðslusýnishorn (vatn, salt, pH, vigt o. fl.)	—	2 000
Geymsluþol (pH, vigt, dós o. fl.)	—	750
Vottorð	—	900

2. gr.

- a) Gjald fyrir efna- og gerlarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari skrá ákveðst með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast.
- b) Gjaldskrá sú, er að framan greinir, miðast við, að rannsókn fari fram hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins án óeðlilega mikils undirbúnings á sýnum þeim, sem rannsökuð eru.

3. gr.

Þegar sýnistaka á útfluttu mjöli eða lýsi er á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, greiðast kr. 1 500 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmannsins, sem annast sýnistökuna.

Þegar um er að ræða sýnistöku á útfluttum niðursuðuvörum, greiðast aðeins laun starfsmannsins auk ferðakostnaðar.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða annast þessar sýnistökur samkvæmt leiðbeiningum frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og með þeim tækjum, sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

4. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 15. júní 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, frá 15. júní 1976.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Ingimar Einarsson.

REGLUGERÐ

um heilbrigðismálaráð.

I. KAFLI**Stofnun og skipan heilbrigðismálaráða.****1. gr.**

Í hverju læknishéraði skal starfa heilbrigðismálaráð.